

Föstudaginn 17. febr. 1928.

Nr. 62/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Otto Noack (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 27. maí 1927: Kærði Otto Noack á að greiða sekt að upphæð kr. 12500,00 til Landhelgissjóðs Íslands, en sæta sjö mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd.

Auk þess skulu öll veiðarlæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í togaranum »Vangerland« P. G. 306 frá Geestemünde vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hestarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, sem ekkert verulegt er við að athuga, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að veita ber kærða mánaðarfrest með greiðslu sektarinnar.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 100 kr. til hvors.

Það er aðfinsluvert að undirdómarinn hefir eigi veitt kærða frest til sektargreiðslu svo sem fyrir er mælt í 1. gr. laga nr. 13, 8. júní 1923.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Otto Noack sæti 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi verði sektin eigi greidd

innan eins mánaðar frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt mælingum þeim, er teknar voru frá varðskipinu »Óðinn« og skýrslu skipherrans verður að telja sannað í máli þessu að kærði Otto Noack fæddur 18. júlí 1888, var um kl. 2,35—2,47 síðdegis hinn 25. þ. m. á landhelgissvæðinu nálægt Ingólfshöfða á skipi sinu togaranum »Wangerland« P. G. 306 frá Geestemünde. Að visu var skip kærða komið 0,7 úr sjómílu út fyrir landhelgislinuna, er staður þess var ákveðinn af varðskipinu, en hinsvegar má telja ómögulegt að skip kærða hafi komist á þann stað með þeim hraða og á þeim tíma sem um getur verið að ræða, samkvæmt því sem upplýst er í málinu, nema frá landhelgissvæðinu.

Kærði hefir að visu haldið fram að hafa farið liðuga hálfa klukkustund, sem um er að ræða (kl. 2,30—3,10) ákveðnar stefnur á ákveðnum tímalengdum, og hann eftir því ekki verið á landhelgissvæðinu þenna tíma. En þar eð það ekki getur samrýmst mælingum varðskipisins og því er telja má upplýst um hraða skipsins getur þetta ekki orðið tekið til greina.

Kærði hefir viðurkennt að hafa verið að toga með botnvörpu á þeim tíma, er skip hans samkvæmt þessu verður að álitast hafa verið á landhelgissvæðinu og hefir því gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Með tilliti til þess að hjer er að ræða um fyrsta brot ákærða gegn þessum lögum og með hliðsjón af að dagsgengi krónunar er 81,65 úr gullkrónu þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð 12500 krónur, er greiðist strax og rennur í Landhelgis-

sjóð Íslands, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður-nefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem er orðinn og verður.

Mánudaginn 20. febr. 1928.

Nr. 76/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Fr. Mensing (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 3. sept. 1927: Kærður, Friederich Mensing, greiði 12500 króna sekt í Landhelgisjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðafæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem eru í botnvörpunum B. X. 161 »Durckwitz«, sje upptækt og renni virði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fallnægja með aðför að lögum.

Dómur hestarjettar.

Að því athuguðu, að upplýst er að misritast hefir í skýrslu varðskipsforingjans til hjeraðsdómarans um l. hornmælingu varðskipsins til skips kærða: »v. K. Portland 18°,5« í stað: v. K. Reynisfjall 18°,5 og að því viðbættu, að skip kærða, sem hafði botnvörpu í eftirdragi og ætla má að hafi gengið 2¹/₂—3 sjóm. á kl.stund, sást frá varðskipinu á siglingu út frá landi frá því kl. 7,47 að morgni og þangað til það var stöðvað a. m. k. rúmum stundarfjórðungi síðar á stað, sem ekki hefir verið vjefengdur og liggur 0,4 sjóm.